

Borgarbyggð  
Jökull Helgason,  
forstöðumaður  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. apríl 2012  
Tilvísun: UST20120300139/mik

### Efni: Lýsing á deiliskipulagi fyrir Litla Hraun í Borgarbyggð, umsögn.

Umhverfisstofnun vísar í erindi skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Litla Hraun í Borgarbyggð

Markmið deiliskipulags er að skilgreina tvær byggingarlóðir og vektengingar að þessum lóðum og jafnframt vektengingu frá þjóðvegi 54 að Litla Hrauni.

Umhverfisstofnun bendir á að málið á sér töluvert langa forsögu. Þann 4. febrúar 2009 barst Umhverfisstofnun erindi þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu að lagningu vegar frá landi Snorrastaða að Litla Hrauni sem var u.p.b. 2 km að lengd. Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. febrúar 2009 kom fram að stofnunin teldi að falla ætti frá ofangreindri tillögu um veglagningu milli Snorrastaða og Litla Hrauns, enda gerði tillagan ráð fyrir lagningu vegar á svæði á náttúruminjaskrá og um ósnortið hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Þann 2. júní 2009 var samt sem áður gefið út framkvæmdarleyfi af Borgarbyggð fyrir lagningu vatnslagnar frá borholu í landi Snorrastaða að bæjarstæði Litla Hrauns sem fól í sér að ruddur var slóði meðfram lagnaleiðinni yfir svæði á náttúruminjaskrá og í gegnum ósnortið eldhraun sem eins og áður segir nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun barst ekki beiðni um umsögn vegna útgáfu ofangreinds framkvæmdaleyfis en samkvæmt 38. gr laga um náttúruvernd ber að leita álits Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda á svæðum á náttúruminjaskrá auch þess sem framkvæmdin fól í sér röskun á svæði sem fellur undir 37. gr. þar sem segir að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa, í þessu tilfelli eldhrauns. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir skyringum Borgarbyggðar á því að ekki hafi verið farið eftir gildandi lögum er málsmeðferðina varðar, en ekki hafa fengist fullnægjandi svör sveitarfélagsins við því.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að á jörðinni Litla Hrauni eru arnarhreiður. Í 19. gr laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir: „Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 metra hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Óheimilt er frá 15.mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 metra nema bryna nauðsyn beri til svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrrustu varfærni og forðist að trufla fuglana.“

*Þessi takmörkun á umferð gildir þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum .”*

Í 3 málsgrein sömu greinar segir:

*„Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni samkvæmt 1. og 2. málsgrein í sérstökum tilvikum svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.“*

Umhverfisstofnun telur því ljóst að skýrt bann sé við því að hrófla við eða trufla erni á því svæði sem um getur í 19. gr ofangreindra laga og er stofnuninni ekki kunnugt um að leitað hafi verið undanþágu frá því banni til ráðherra eins og lög gera ráð fyrir.

Umhverfisstofnun hefur dags. 26. mars sl. sent Náttúrufræðistofnun Íslands fyrirspurn þar sem spurt var hvort nægjanleg fjarlægð sé frá núverandi vegslóð að arnarhreiðrum sbr. 19. gr. ofangreindra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun barst svar Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 30. mars sl. Í svari Náttúrufræðistofnunar Íslands segir m.a.: Vitað er um a.m.k. 9 varpstæði í landi jarðarinnar Litla Hrauns og næsta nágrenni og er arnarvarp hvergi þéttara við Faxaflóa.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er sá slóði sem tilgreindur er í deiliskipulagslysingu ekki ásættanlegur m.t.t. til verndunar arnarvarps á svæðinu enda eru 4 af 9 þekktum varpstöðum innan þeirra marka sem ekki er gert ráð fyrir mannaferðum á varptíma við arnarhreiður. Þá mun vegur eftir þessum slóða útloka arnarvarp á a.m.k. 3 þessara staða vegna þess hversu sjáanlegir þeir eru frá veginum og í einu tilviki er vegurinn nánast ofan í varpstæði.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið farið að lögum við málsmeðferð þeirra framkvæmda sem um ræðir. Stofnunin bendir á að meginregla skipulagslaga er að skipulagi sé lokið áður en framkvæmdaleyfi er gefið út og framkvæmdir hafnar. Miðað við náttúrufar á svæðinu og framangreindar reglur var að mati stofnunarinnar afar mikilvægt að viðhafa rétta röð við töku ákvarðana og vanda allan undirbúning þeirra. Þar sem stofnuninni er ekki kunnugt um að leitað hafi verið undanþágu til ráðherra eins og kveður á um í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum kann sú röskun sem farið hefur fram að fela í sér refsvert brot og mun Umhverfisstofnun taka það álitamál til skoðunar. Umhverfisstofnun telur því að fyrirhugaðar framkvæmdir, svo og þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í nú þegar á svæðinu, séu brot á því banni er fram kemur í 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og fela í sér röskun eldhrauns sem nýtur verndar 37. gr. laga um náttúruvernd sem leita hefði þurft allra leiða við að forðast eins og áskilið er. Umhverfisstofnun gerir því alvarlegar athugasemdir við lýsingu á deiliskipulagi Litla Hrauns í Borgarbyggð og telur stofnunin að hverfa eigi frá fyrirhuguðum áætlunum um deiliskipulag svæðisins eins og það er sett fram í greinargerð

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Björn Stefansson  
Sérfæðingur